

## Innköllun á Amisa Organic Pancake Mix

Heilsa ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, innkallað af markaði eftirfarandi vöru þar sem magn trópanbeiskjuefna fer yfir leyfileg mörk. Trópanbeiskjuefni finnast í sumum plöntum er vaxa villt við ræktunarakra og geta blandast við uppskeru.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vörumerki :** Amisa

**Vöruheiti:** Organic Pancake Mix

**Nettómagn:** 2x180 g

**Strikamerki:** 5032722313743

**Lotunúmer:** 229597

**Best fyrir:** 30.08.2023

**Framleiðandi:** Windmill Organics Ltd.

**Framleiðsluland:** Þýskaland

**Dreifing:** Fjarðarkaup, Melabúðin, Heilsuhúsið Kringlunni, verslanir Samkaups: Nettó og Kjörbúðin (Siglufirði og Djúpavogi).

**Ástæða innköllunar:** Magn trópanbeiskjuefna fer yfir leyfileg mörk.

Neytendum sem hafa keypt Amisa Organic Pancake Mix með framangreindri dagsetningu eru beðnir um að neyta hennar ekki og bent á að þeir geta skilað vörunni þar sem hún var keypt.

Nánari upplýsingar veitir Heilsa ehf. í síma 533-3232 eða í gegnum netfangið [heilsa@heilsa.is](mailto:heilsa@heilsa.is)

